

B. Nám erlendis í formi:

1. námsstyrkja til einstaklinga er stunda framhaldsnám í skólum erlendis. Styrkþegar skuldbindi sig til að vinna a. m. k. 2 ár hérlendis eftir nám.

5. gr.

Sjóðsstjórn skipa þrír menn, þar af tveir samkvæmt tilnefningu stjórnar Thorvaldsensfélagsins í Reykjavík, og formaður skipaður af menntamálaráðherra án tilnefningar.

6. gr.

Sjóðsstjórn skal gera 5 ára heildaráætlun um ráðstöfun sjóðsins og skal hún tilbúin ekki síðar en 1. okt. 1976. Stefnt skal að því að sjóðurinn fullnýtist á næstu 5 árum, þó má aldrei skerða höfuðstólinn. Sjóðsstjórn ráðstafar fé sjóðsins í samræmi við heildaráætlunina til þeirra verkefna sem valin eru hverju sinni og skal hún hafa effirlit með því að fjármunir sjóðsins nýtist í samræmi við markmið hans. Allar ákvarðanir um fjárveitingu úr sjóðnum skulu undirritaðar af öllum stjórnarmönnum sjóðsins.

7. gr.

Stjórn sjóðsins annast reikningshald hans og reikningsskil og varðveitir eignir sjóðsins og sér um að þær glatist ekki. Sjóðurinn skal varðveittur í verðtryggðum ríkisskuldabréfum eða ef þeirra er ekki kostur, þá í Landsbanka Íslands. Ríkisendurskoðunin annast endurskoðun reikninga sjóðsins. Ársreikningar skulu birtir í Stjórnartíðindum.

8. gr.

Stjórn sjóðsins er ólaunuð.

9. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn, færa í hana skipulagsskrána, fundarsamþykktir, umsóknir um styrk úr sjóðnum, styrkveitingar og annað sem varðar hag og rekstur sjóðsins, svo og ársreikninga sjóðsins.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og skal hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Nr. 252.

REIKNINGUR**Samgöngubótasjóðs Páls Jónssonar árið 1975.****Rekstrarreikningur fyrir árið 1975.****Tekjur:**

| | |
|--------------------------------|---------------|
| Vextir af bankainnstæðum | kr. 32 567.00 |
| | <hr/> |
| | Kr. 32 567.00 |

Gjöld:

| | |
|---------------------------|---------------|
| Tekjur umfram gjöld | kr. 32 567.00 |
| | <hr/> |
| | Kr. 32 567.00 |

Efnahagsreikningur pr. 31. des. 1975.**Eignir :**

| | | |
|----------------------|----------------|-----------------------|
| Bankainnstæður | kr. 283 089.00 | |
| | | Kr. 283 089.00 |

Skuldir :

| | | |
|-----------------------------------|----------------|-----------------------|
| Höfuðstólsreikningur: | | |
| Hrein eign pr. 1. jan. 1975 | kr. 250 522.00 | |
| Hreinar tekjur árið 1975 | — 32 567.00 | |
| | | kr. 283 089.00 |
| | | Kr. 283 089.00 |

*Samgönguráðuneytið, 26. mars 1976.***Brynjólfur Ingólfsson.**

Nr. 253.

REIKNINGUR**Söfnunarsjóðs Íslands fyrir árið 1975.****Rekstrarreikningur fyrir árið 1975.****Gjöld :**

| | | |
|-----------------------|----------------|-----------------------|
| Launakostnaður | kr. 738 000.00 | |
| Annar kostnaður | — 207 200.00 | |
| | | Kr. 945 200.00 |

Vextir af innstæðufé:

| | | |
|-----------------------------------|------------------|-------------------------|
| Aðaldeild | kr. 4 987 851.00 | |
| Erfingjarentud. | — 752 964.00 | |
| Útborgunardeild | — 1 042 780.00 | |
| | | — 6 783 595.00 |
| Tekjuafgangur til varasjóðs | — 1 106 069.00 | |
| | | Kr. 8 834 864.00 |

Tekjur :

| | | |
|------------------------|----------------|-------------------------|
| Dráttarvextir | kr. 468 535.00 | |
| Lántökugj. o. fl. | — 635 168.00 | |
| | | Kr. 1 103 703.00 |

Vaxtatekjur:

| | | |
|-----------------------------|------------------|-------------------------|
| Ógreiddir vextir 31/12 1975 | kr. 5 051 022.00 | |
| Ógreiddir vextir 31/12 1974 | — 3 670 272.00 | |
| | | Kr. 1 380 750.00 |
| Innborgaðir vextir 1975 | kr. 6 359 791.00 | |
| Endurgr. | — 9 380.00 | |
| | | — 6 350 411.00 |
| | | — 7 731 161.00 |
| | | Kr. 8 834 864.00 |